

**28. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
29. febrúar 2016 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

- 1. 1602244 - Aðalskipulagsbreyting - Vallholt 5**
Tillaga að breytingu aðalskipulags vegna lóðarinnar við Vallholt 5.
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á aðalskipulagi vegna Vallholts 5 verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010 m.s.br.

- 2. 1511208 - Deilisk. Ægisbrautar - Vallholt 5**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við Vallholt 5.
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreyting verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 m.s.br.

- 3. 1602234 - Deilisk. Flatahverfi klasi 7-8 - Skógarflöt 19**
Hámarkshæð bygginga í Flatahverfi klasa 7-8 er 5 m, en óskað er eftir að hækka mænishæð hússins við Skógarflöt 19 um 40 sm eða í 5,4 m.
Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna ofangreinda breytingu á deiliskipulagi við Skógarflöt 19, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 m.s.br.

Grenndarkynning skal ná til Skógarflatar 13, 14, 15, 16, 17, 18, 20 og 21.

- 4. 1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016**
Farið yfir framkvæmdaverkefni 2016. Samþykkt að liðurinn styrkir til viðhaldsframkvæmda færast yfir á stofnanalóðir þ.a. sá liður fer úr 3.millj.kr í 11.millj.kr.

Garðyrkjustjóra falið að vinna áætlun um framkvæmdir á stofnanalóðum fyrir árið 2016 samkvæmt ofangreindri breytingu.

- 5. 1512074 - Þjóðvegur 15 og 15B, lóðaúthlutun undir gróðrarstöð**
Lögð fram umsókn Jóns Guðmundssonar garðyrkjufraeðings um afnot lands við Þjóðveg 15 og 15B. Sviðsstjóra falið að koma með drög að samningi á næsta fundi ráðsins vegna ofangreindra nota.

EB

6. 1602227 - Reglur um slægjustykki - endurskoðun 2016

Lagt fram. Garðyrkjustjóra falið að gera breytingar í takt við umræður á fundinum.

7. 1602257 - Skógræktarfélag Íslands - viðbótarland við Slögu

Erindið lagt fram.

8. 1602258 - Skógræktarfélag Íslands - skipulag á svæði við Þjóðveg 509

Bréf dags. 15. febrúar 2016 um skógræktarsvæðið við Þjóðveg.

Erindi vísað í endurskoðun á aðalskipulagi. Garðyrkjustjóra falið að ræða við málsaðila um umfang svæðisins.

9. 1602189 - Baugalundur 14 - umsókn um byggingarleyfi

Skipulagsbreyting felst í því að nýtingarhlutfall lóðar er hækkað úr 0.35 í 0.37.

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að grenndarkynna ofangreinda breytingu sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 m.s.br. Grenndarkynning skal ná til Baugalundar 12 og 16.

10. 1512060 - Kirkjugarður - breyting

Framkvæmdir sem lúta að hækkun jarðvegs til að gera garðinn graftækann og lagfæringu stíga verði vísað til fjárhagsáætlunar 2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

Einar Brandsson
Rannil Óskersdóttir
Kantans Jónsdóttir
Valgerður J. Jónsdóttir
Kristín Sjungvænisdóttir
Halpi Sj
Sj. P. A.